

## Skipulags- og byggingarfulltrúaembætti Eyjafjarðar bs.

# Samþykktir

### 1. gr.

Félagið er byggðasamlag og heitir „Skipulags- og byggingarfulltrúaembætti Eyjafjarðar bs.“.

Starfsstöð embættisins er á Akureyri eða í einu aðildarsveitarfélaganna, samkvæmt nánari ákvörðun aðalfundar eða aukafundar.

### 2. gr.

Aðild að byggðasamlaginu eiga eftirtalin sveitarfélög: Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahreppur, Hörgársveit og Svalbarðsstrandarhreppur.

### 3. gr.

Hlutverk byggðasamlagsins er að annast lögbundin verkefni byggingarfulltrúa og skipulagsfulltrúa á starfssvæði samlagsins. Stjórn ræður einn starfsmann til að sinna verkefnum á vegum byggðasamlagsins, eða fleiri ef þörf er á. A.m.k. einn starfsmaður byggðasamlagsins skal uppfylla öll skilyrði til að starfa sem byggingarfulltrúi og skipulagsfulltrúi. Starfsheiti hans er skipulags- og byggingarfulltrúi.

### 4. gr.

Aðildarsveitarfélögin tilnefna hvert um sig einn aðalmann og einn varamann í stjórn byggðasamlagsins að afloknum sveitarstjórnarkosningum og er kjörtímabil stjórnar það sama og sveitarstjórna. Stjórnin skiptir með sér verkum á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum og skal sá fundur haldinn eigi síðar en 1. september sama ár. Fulltrúi fjölmennasta sveitarfélagsins boðar til fyrsta fundar og stýrir honum uns formaður hefur verið kjörinn.

### 5. gr.

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Aukafundi skal halda eftir þörfum.

### 6. gr.

Fulltrúar í sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaganna og framkvæmdastjórar þeirra eiga seturétt með málfrelsi og tillögurétti á aðalfundum og aukafundum samlagsins, en einn frá hverju aðildarsveitarfélagi fer með atkvæði hennar. Tilkynnt skal í upphafi fundar um það hver fari með atkvæðisréttinn. Atkvæðisréttur allra fulltrúa er jafn.

### 7. gr.

Tillögur um breytingar á samþykktum samlagsins skulu berast stjórn þess í síðasta lagi sjö sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Tillöguflytjandi skal jafnframt kynna öllum aðildarsveitarfélögunum tillöguna með sama fyrirvara.

### 8. gr.

Ákvarðanir aðalfundar og aukafunda í samlaginu, löglega til boðaðra, eru bindandi ef einfaldur meirihluti fulltrúa eigenda samþykkir, að undanskildum ákvörðunum skv. 10. gr. og 14. gr. Samþykktum samlagsins verður þó aðeins breytt á aðalfundi með samþykki allra aðildarsveitarfélaganna. Breytingar á samþykktunum taka gildi við staðfestingu sveitarstjórna allra aðildarsveitarfélaganna og innanríkisráðuneytisins.

AG  
MH  
FS  
KF

9. gr.

Verkefni aðalfundar eru:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Afgreiðsla ársreiknings.
3. Ákvörðun um breytingu á samþykktum samlagsins, sbr. 8. gr., ef tillaga um það hefur komið fram með löglegum fyrirvara, sbr. 7. gr.
4. Kosning löggilts endurskoðanda.
5. Önnur mál.

Aðalfund skal boða með dagskrá. Alla fundi, þ.m.t. aðalfund, skal boða með a.m.k. 7 daga fyrirvara.

10. gr.

Hlutverk stjórnar er að annast rekstur byggðasamlagsins að öðru leyti en því sem hún felur starfsmanni eða starfsmönnum samlagsins að annast fyrir sína hönd. Átt er við rekstur á byggðasamlaginu, þ.e. starfsmannamál, launamál, húsnæðismál, ferðakostnað og önnur rekstrarkostnaðaratriði. Stjórn skal leggja fram fjárhagsáætlun fyrir 1. október ár hvert fyrir næsta starfsár. Stjórnin tekur ákvarðanir um tilhögun á framkvæmdastjórn byggðasamlagsins.

Stjórninni er ekki ætlað að fjalla um einstök mál sem skipulags- og byggingarfulltrúi fær til afgreiðslu og afgreiðir samkvæmt settum reglum hvers sveitarfélags og í samráði við sveitarstjórnirnar. Stjórnin hefur ekki umboð til að skuldbinda aðildarsveitarfélögin umfram það sem kveðið er á um í fjárhagsáætlun byggðasamlagsins. Stjórninni er skylt að afla staðfestingar allra aðildarsveitarfélaganna á lántökum.

Semja skal við endurskoðunarstofu um árlega endurskoðun á bókhaldi samlagsins.

Reikningsár samlagsins er almanaksárið.

11. gr.

Sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaganna hafa hver sína skipulagsnefnd. Skipulags- og byggingarfulltrúi undirbýr eftir atvikum fundi nefndanna og sér um úrvinnslu og eftirfylgni mála samkvæmt ákvörðunum þeirra hverju sinni.

12. gr.

Byggðasamlagið annast innheimtu byggingarleyfisgjalda sem renna til samlagsins. Einnig annast samlagið innheimtuframkvæmdaleyfis- og deiliskipulagsgjalda fyrir aðildarsveitarfélögin. Byggðasamlagið getur haft sértekjur sem koma fram í gjaldskrá samlagsins.

13. gr.

Kostnaði vegna reksturs byggðasamlagsins skal skipt milli aðildarsveitarféлага á eftirfarandi hátt:

1. 20% rekstrarkostnaðar, að frádregnum sértekjum byggðasamlagsins, skiptist jafnt á milli aðildarsveitarfélaganna.
2. 80% rekstrarkostnaðar, að frádregnum sértekjum byggðasamlagsins, skiptist á milli aðildarsveitarfélaganna eftir íbúafjölda þeirra miðað við 1. desember næstliðins árs.

Árlegt rekstrarframlag sveitarfélaganna skal greitt í fernu lagi með gjalddaga í febrúar, maí, ágúst og nóvember.

AG  
FS  
KF

14. gr.

Til að slíta samlaginu þarf samþykki a.m.k. 2/3 hluta allra eigenda á löglega boðuðum fundi. Ákvörðun um slit þarfnast síðan staðfestingar a.m.k. 2/3 hluta sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna. Við slit samlagsins gilda ákvæði gildandi sveitarstjórnarlaga. Nú óskar sveitarfélag að ganga úr byggðasamlaginu og skal það þá tilkynnt skriflega til formanns stjórnar. Tilkynningin skal berast a.m.k. þremur mánuðum fyrir áætlaðan aðalfund byggðasamlagsins. Í tilkynningunni skal greint frá ástæðum úrsagnarinnar. Erindi um úrsögn skal tekið fyrir á aðalfundi byggðasamlagsins og reynt að finna lausn á þeim atriðum sem liggja til grundvallar ákvörðunarinnar um úrsögn. Náist ekki samkomulag skal úrsögnin gilda frá næstu lokum reikningsárs eftir aðalfund byggðasamlagsins. Sveitarfélag sem segir sig úr byggðasamlaginu á ekki endurkröfurétt á framlagi sínu vegna stofnkostnaðar.


15. gr.

Samþykktir þessar eru gerðar í samræmi við 94. og 95. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og öðlast gildi við staðfestingu aðildarsveitarfélaganna og innanríkisráðuneytisins, sbr. 93. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þannig samþykkt á stofnfundi 13. febrúar 2015



Fjóla Stefánsdóttir  
f.h. Grýtubakkahrepps



Valtýr Hreiðarsson  
f.h. Svalbarðsstrandarhrepps



Karl Frímannsson  
f.h. Eyjafjarðarsveitar



Axel Grettisson  
f.h. Hörgársveitar

\_\_\_\_\_  
f.h. innanríkisráðuneytis